

Fjármála- og efnahagsráðuneytið

M i n n i s b l a ð

Viðtakandi: Efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis
Sendandi: Fjármála- og efnahagsráðuneytið
Dagsetning: 9. nóvember 2020
Málsnúmer: FJR19080049
Bréfalykill: 3.6

Efni: Umsagnir um frumvarp til laga um breytingu á lögum um fjármálafyrirtæki, nr. 161/2002, með síðari breytingum (varnarlína um fjárfestingarbankastarfsemi)

Fjármála- og efnahagsráðuneytið vísar til erindis formanns efnahags- og viðskiptanefndar Alþingis, dags. 6. nóvember sl., þar sem þess er óskað að ráðuneytið sendi nefndinni minnisblað þar sem fram komi afstaða til athugasemda í innsendum umsögnum um frumvarp til laga um breytingu á lögum um fjármálafyrirtæki, nr. 161/2002, með síðari breytingum (varnarlína um fjárfestingarbankastarfsemi).

Nefndinni hafa borist tvær umsagnir um frumvarpið, frá Hagsmunasamtökum heimilanna annars vegar og Samtökum fjármálafyrirtækja hins vegar.

Í umsögn Hagsmunasamtaka heimilanna kemur fram að frumvarpið feli ekki í sér aðskilnað viðskipta- og fjárfestingarbankastarfsemi heldur aðeins takmörkun á tveimur tegundum viðskipta af þeim fjölmörgu sem geti fallið undir skilgreiningu á fjárfestingarbankastarfsemi. Með frumvarpinu eru aðeins lagðar til takmarkanir á stöðutöku kerfislega mikilvægra viðskiptabanka og sparisjóða í fjármálagæmingum og hrávörum. Með tilliti til þess markmiðs frumvarpsins að takmarka áhættu innstæðueigenda og ríkissjóðs telur ráðuneytið ekki þörf á að takmarka áhættuminni fjárfestingarbankastarfsemi, svo sem fyrirtækjaráðgjöf og eignarstýringu.

Í umsögn Hagsmunasamtaka heimilanna eru einnig reifuð sjónarmið um útgáfu sértryggðra skuldabréfa og um að kröfum Tryggingarsjóðs innstæðueigenda og fjárfesta verði veitt lögveð í eignum banka. Þeim tillögum verður ekki mætt við meðferð fyrirbyggjandi frumvarps og er því ekki tekin afstaða til þeirra í minnisblaði þessu.

Í umsögn Samtaka fjármálafyrirtækja eru færð rök fyrir því að lagasetningin sé ónauðsynleg, meðal annars vegna annarra lagabreytinga sem takmarka áhættu fjármálafyrirtækja, og að ekki liggi traustar fræðilegar forsendur að baki þeirri útfærslu sem lögð sé til í frumvarpinu.

Frumvarpinu er ætlað að vinna gegn því að áhættusöm fjárfestingarbankastarfsemi kerfislega mikilvægra banka skapi áhættu fyrir innstæðueigendur og ríkissjóð. Að mati ráðuneytisins má almennt ætla að takmörkun á áhættusamri fjárfestingarbankastarfsemi kerfislega mikilvægra banka geti gagnast sem liður í að takmarka áhættu innstæðueigenda og ríkissjóðs og auðvelda úrlausn á vandkvæðum banka, meðal annars með því að einfalda aðskilnað nauðsynlegrar viðskiptabankastarfsemi frá öðrum starfspáttum við endurreisn eða skilameðferð. Á móti kann hún að draga úr stærðarhagkvæmni og þjónustuframboði kerfislega mikilvægra viðskiptabanka og möguleikum á áhættudreifingu með fjölbreyttari tekjustofnum. Hún kann einnig að verða til þess að starfsemi færist til aðila sem sæta ekki jafn ríku eftirliti og þannig minnkað yfirsýn eftirlitsaðila. Að færa starfsemi á fleiri hendur getur þó einnig aukið samkeppni og þannig komið viðskiptavinum til góða.

Útfærsla frumvarpsins byggist á tillögu í [hvítbók um framtíðarsýn fyrir fjármálakerfið](#) frá desember 2018 sem aftur byggðist á [tillögum um skipulag bankastarfsemi á Íslandi](#) sem nefnd sem fjármála- og

efnahagsráðherra skipaði skilaði í janúar 2018. Horft var til þess að takmarka áhættumikla fjárfestingarbankastarfsemi án þess að leggja óþarfa kvaðir á lánastofnanir. Mörkum við 15% er ætlað að hefta vöxt áhættumikillar fjárfestingarbankastarfsemi kerfislega mikilvægra banka án þess að raska núverandi starfsemi þeirra eða koma niður á möguleikum þeirra vinna á að vinna úr fullnustueignum og veita gagnlega þjónustu á borð við viðskiptavakt og sölutryggingu. Sú leið sem var valin hefur einnig þann kost að hún styðst við gildandi viðmið Fjármálaeftirlitsins um könnunar- og matsferli og krefst ekki mjög umfangsmikillar eða flókinnar lagasetningar.



20. október 2020

Efni: Umsögn Hagsmunasamtaka heimilanna um 7. mál á 151. löggjafarþingi

Fjármálafyrirtæki (varnarlína um fjárfestingarbankastarfsemi)

Hagsmunasamtök heimilanna hafa alla sína tíð verið fylgjandi aðskilnaði viðskiptabankastarfsemi og fjárfestingarbankastarfsemi. Þess vegna er mikilvægt að halda því til haga að þrátt fyrir að slík orð komi sum fram í heiti hins umrædda frumvarps, felur efni þess ekki í sér slíkan aðskilnað, heldur lýtur aðeins að takmörkun á tveimur tilteknum tegundum viðskipta af þeim fjölmörgu sem geta fallið undir skilgreiningu á fjárfestingarbankastarfsemi. Það flækir umræðu um þessi mál enn frekar að hugtakið fjárfestingarbanki er skilgreint öðruvísi í lögum en leiðir af almennri málvitund.

Þar sem í frumvarpinu er ítrekað vísað til þess að mikilvægt sé að takmarka áhættu innstæðueigenda og ríkissjóðs vegna bankastarfsemi, vekur það furðu að efnisákvæði þess taki að engu leyti til útgáfu sértryggðra skuldabréfa, sem er þó öðru fremur til þess fallin að frátaka bestu eignir banka fyrir aðra kröfuhafa en innstæðueigendur og eftir atvikum tryggingarsjóð þeirra ef á reynir.

Með svokölluðum neyðarlögum nr. 125/2008 sem voru sett vegna hruns fjármálakerfisins urðu kröfur vegna innstæðna að forgangskröfum við skipti á búi fjármálafyrirtækis, en sú breyting hefur staðist tímans tönn og ýmsar áraunir. Síðan þá hafa nýju bankarnir þó byrjað að gefa út sértryggð skuldabréf og það í sífellt vaxandi mæli. Þar sem veðkröfur ganga framar öllum öðrum kröfum í þær eignir sem eru veðsettar til tryggingar þeim, sniðgengur slík útgáfa markmið neyðarlaganna og grefur undan öryggi innstæðna. Þessa þróun þarf að hemja áður en hún fer úr böndunum.

Af þessu tilefni leggja Hagsmunasamtök heimilanna það til að í stað frumvarps þessa verði kröfum tryggingarsjóðs innstæðueigenda veitt lögveð í öllum eignum tryggðra banka, en slíkur réttur gengur framar öðrum veðréttindum við skipti á búi samkvæmt meginreglum veð- og fullnusturéttar.

- o -

Virðingarfyllst,
f.h. Hagsmunasamtaka heimilanna,

Ásthildur Lóa Þórsdóttir, formadur@heimilin.is

Guðmundur Ásgeirsson, erindreki@heimilin.is

Reykjavík 30. október 2020


Umsögn um breytingu á lögum um fjármálafyrirtæki, nr. 161/2002, með síðari breytingum (varnarlína um fjárfestingabankastarfsemi).

Samtök fjármálafyrirtækja (SFF) telja að ekki sé tilefni til séríslenskrar lagasetningar af því tagi sem lagt er til í fyrirbyggjandi frumvarpi. Samtökin hafa lýst þeirri afstöðu á undirbúningsstigi málsins m.a. með umsögn sem send var inn í samráðsgátt stjórnvalda þann 10.mars s.l. (sjá fylgiskjal) auk þess sem fulltrúi samtakanna átti sæti í starfshópi Fjármála- og efnahagsráðuneytisins um málið og gerði þar grein fyrir afstöðu samtakanna.

Helstu athugasemdir SFF eru:

1. Frá fjármálakreppunni 2008 hefur allt nánast allt regluverk í kringum fjármálafyrirtæki verið endurskoðað með það fyrir augum að forða áfalli eins og varð þá. Eiginfjákröfur hafa verið hertar, eiginfjárauvar verið innleiddir og settar viðbótareiginfjákröfur (pillar 2) sem heimila eftirlitsaðilum að gera sérstakar eiginfjákröfur vegna áhættusniðs einstakra fjármálafyrirtækja. Allt þetta gerir það kleift að mæta þeirri áhættu sem kann að vera vegna starfsemi kerfislega mikilvægra fjármálafyrirtækja og vegna þeirrar áhættu sem kann að stafa af stöðum í fjármálagerningum. Þá munu nýjar reglur um innstæðutryggingar og skilameðferð fjármálafyrirtækja stuðla að því að innstæður almenningu verði tryggðar þrátt fyrir áföll í rekstri innlánsstofnana. Markmiðum frumvarpsdraganna hefur því þegar verið náð með ofangreindum breytingum.

Rétt er að benda á í þessu sambandi að raunverulegt eiginfé lánastofnana, sem hlutfall af heildareignum, er umtalsvert hærra hér á landi en í þeim löndum sem við berum okkur saman við (sjá mynd). Ástæðan er annars vegar að nýting Fjármálaeftirlitsins á eiginfjárauvar er mun hærri hér en annars staðar og gildir það bæði um eiginfjáruka innan fyrstu og annarrar stoðar. Hins vegar, sem er ekki síður mikilvægt, þá eru áhættuvogir eignaliða lánastofnana hér á landi rúmlega tvisvar sinnum hærri að meðaltali en í nágrannalöndum. Skýringin á þessu er sú að allar lánastofnanir hér á landi eru á staðalaðferð skv. Basel reglum um eigið fé en flestar lánastofnanir í nágrannalöndum nota innri matslíkön til að meta áhættuvogir. Viðbúnaður íslenskra lánastofnana til að mæta áföllum, af hvaða tagi sem er, eru því miklu meiri en í nágrannalöndum. Það eru enn frekari rök gegn því að festa í lög sérákvæði um viðbúnað vega áhættu fjárfestingabankastarfsemi hér á landi.



- Engar áreiðanlegar rannsóknir staðfesta að fjárfestingarbankastarfsemi sé áhættusamari en önnur bankastarfsemi. Um þetta er fjallað ítarlega í Líkanenskýrslunni sem unnin var fyrir ESB í kjölfar fjármálakreppunnar 2008. Nokkur lönd hafa reist skorður við fjárfestingabankastarfsemi viðskiptabanka en það virðist vera fremur vegna stjórn málalegs þrýstings en að hagfræðileg rök liggi því til grundvallar. Niðurstaða Líkanenskýrslunnar og Vickersskýrslunnar sem unnin var fyrir bresk stjórnvöld var að áhætta einstakra ríkja af fjármálafyrirtækjum stafaði fremur af stærð þeirra eða af því að mikil alþjóðleg starfsemi einstakra fjármálafyrirtækja gæti valdið truflun í heimalandi fjármálafyrirtækis.
- Helstu nágrannaríki okkar hafa ekki innleitt takmarkanir á fjárfestingabankastarfsemi innlánsstofnana eins og áformað er með þessu frumvarpi. Ekkert er heldur á döfinni á vettvangi ESB að setja takmarkanir af þessu tagi. Hér yrði því um að ræða séríslensk ákvæði sem ekki ættu sér samsvörun í samræmdum Evrópureglum. Eins og öll slík ákvæði mun það hafa beinan og óbeinan kostnað í för með sér fyrir íslenskar innlánsstofnanir og letja erlenda aðila frá eignarhaldi í þeim.
- Engar traustar fræðilegar forsendur eru fyrir því að takmarka fjárfestingarbankastarfsemi með þeim hætti sem lögð er til með frumvarpinu. Hvorki varðandi það hvaða þætti takamörkunin tekur til (beinar og óbeinar stöður í fjármálagerningum að frádregnum skuldabréfum veltubókar og hrávörum), né þau mörk sem sett eru (15% af eiginfjárgrunni).
- Þörfin fyrir séríslenska löggjöf sem þessa er ekki vel skilgreind eða rökstudd. Þá má jafnframt benda á að nýverið hefur nýtt regluverk ESB um innstæðutryggingar og skilamerðferð fjármálafyrirtækja verið innleitt auk tilskipana sem væntanlegar eru inn í íslenskan rétt s.s. MREL. Ekki er að sjá að sérstaklega hafi verið lagt mat á áhrif frumvarpsins, verði það að lögum, á starfsemi

fjármálafyrirtækja útfrá þessum þáttum né heldur þeim efnahagssprengingum sem heimsfaraldur Covid-19 leiðir af sér.

Mat SFF er að löggjöf af því tagi sem frumvarpið boðar séu óþarfar í ljósi þeirra áhættuvarna sem þegar hafa verið teknar upp hér á landi og sem kröfur nýrra ESB gerða líkt, líkt og MREL, munu styrkja frekar. Hér yrði því um að ræða séríslensk lagaákvæði sem hefðu fyrst og fremst þær afleiðingar að þyngja reglubyrði og auka enn á kostnaðarþrýsting innan fjármálakerfisins.

Með vinsemd og virðingu,



Katrín Júlíusdóttir, framkvæmdastjóri



Yngvi Örn Kristinsson, hagfræðingur

Fjármála- og efnahagsráðuneytið

Arnarhvoli við Lindargötu

101 Reykjavík

Reykjavík, 10.mars 2020

Efni: Umsögn um mál nr. 53/2020, Varnarlína milli viðskipta- og fjárfestingabankastarfsemi.

Samtök fjármálafyrirtækja áttu fulltrúa í starfshópi þeim er vann að þessu frumvarpi. Í starfshópnum kom fulltrúi samtakanna þeim sjónarmiðum á framfæri að samtökin teldu lagasetningu sem þessa óþarfa í ljósi þeirra viðamiklu breytinga sem gerðar hafa verið á lögum og regluverki fjármálamarkaða hér á landi á undanförunum árum. Þannig hefur verið innleiddur fjöldi Evrópugerða þar sem farnar eru aðrar leiðir að sömu markmiðum og liggja að baki frumvarpi þessu. Að auki eru hér á landi gerðar ríkari kröfur til eiginfjárbindinga en í nágrannalöndum okkar í þeim tilgangi að minnka áhættu í kerfinu. SFF leggja mjög ríka áherslu á að ekki séu farnar séríslenskar leiðir í lagasetningu tengdum fjármálamörkuðum sem draga úr samkeppnishæfni íslenskra fjármálafyrirtækja og getu þeirra til að styðja við íslenskt atvinnulíf og heimili. Auk þess sem séríslenskar reglur leiða til rýrnunar á verðmati fyrirtækjanna. Verði þetta frumvarp að lögum er verið að fara séríslenska leið að ofangreindum markmiðum til viðbótar við þá löggjöf sem þegar hefur verið tekin upp frá Evrópu eða er í innleiðingarferli.

Þær áhættuvarnir sem þegar hafa verið innleiddar í íslenska löggjöf eru þannig ríkar og bætir löggjöf sem þessi litlu við öðru en því að auka á reglubyrði og þar með kostnað innan fyrirtækja sem löggjöfin snýr að.

Í þeim fáu ríkjum þar sem sérstök varnarlína hefur verið tekin upp milli viðskipta- og fjárfestingabankastarfsemi hefur henni verið beint að mjög fáum og stórum bönkum sem starfa á alþjóðlegum grundvelli. Íslenskir bankar eru mjög litlir í erlendum samanburði og langt í frá að vera á pari við þá starfsemi sem í þessum ríkjum sérstakar skorður hafa verið settar við. Að auki eru eiginfjárröfur á þessa alþjóðlegu banka töluvert lægri en gerðar eru til íslenskra banka og sparisjóða. Þá er rétt að benda á að hvergi á Norðurlöndunum hefur verið talin þörf á sambærilegri löggjöf og lögð er til með þessu frumvarpi þrátt fyrir að fjárfestingastarfsemi sé þar mun meiri en hér á landi.

Mikil áhersla er lögð á það af hálfu fjármálafyrirtækja, stjórnvalda og eftirlitsaðila að fjármálalegur stöðugleiki sé varinn og innstæður séu öruggar. Til að svo megi vera er unnið eftir viðmiklu regluverki sem reifað er stuttlega hér að neðan.

1. Hærri eiginfjárröfur

Eiginfjárröfur til fjármálafyrirtækja eru mun hærri hér á landi en í nágrannaríkjum. Í skýrslu nefndar Fjármála- og efnahagsráðuneytisins frá árinu 2018, *Skipulag bankakerfis*, er að finna samantekt Fjármálaeftirlitsins um eiginfjárbörf vegna fjárfestingabankastarfsemi íslenskra banka. Segja má að samantektin fari ágætlega yfir þær 'varnarlínur' sem þegar hafa verið settar upp hér á landi til að draga úr áhættu. Meðal þess sem kemur þar fram er:

- að heildarvirði hlutabréfa í veltubók hjá kerfislega mikilvægum bönkum sé hlutfallslega lágt í samanburði við „alla kerfislega mikilvæga banka á Norðurlöndum og í Evrópu.“

Ástæður þessa lága hlutfalls er í samantektinni helst rakið til þess að „eiginfjárbindingar vegna sambærilegrar stöðutöku í hlutabréfum í veltubók eru hærri hérlandis en gengur og gerist erlendis“ auk þess sem lagalegar takmarkanir séu á stöðutökum fjármálafyrirtækja í fyrirtækjum í óskyldum rekstri og „fá félög eru á markaði, veltan er lítil og afleiðumarkaður vanþróaður.“.

- að heildarvirði skuldabréfa hjá kerfislega mikilvægum bönkum hafi farið minnkandi hér á landi, einkum sökum aukinnar eiginfjárbindingar vegna stöðutöku skuldabréfa og óhagstæðra markaðsaðstæðna.
- að óbeinar stöðutökur í verðbréfum hafi verið takmarkaðar með því að að setja lán til eignarhaldsfélaga sem ekki hafa sjálfstætt sjóðsflæði í 150% áhættuvog.

2. Beiting eiginfjárauka og gerbreytt varúðareftirlit

Í skýrslu fjármála- og efnahagsráðuneytisins frá árinu 2017, *Kostir og gallar við aðskilnað viðskiptabanka- og fjárfestingarbankastarfsemi* eru þær umfangsmiklu breytingar á eftirliti og regluverki sem gerðar hafa verið hér á landi á undanförunum árum raktar með ítarlegum hætti. Breytingar þessar hafa það markmið að takmarka áhættu vegna fjárfestingarbankastarfsemi. Breytingarnar lúta m.a. að:

- sérstökum eiginfjákröfum (Stoð II) á fjárfestingarbankastarfsemi fjármálafyrirtækja sem taka mið af þeim eignum sem fjárfest er í og umsvifum fjármálafyrirtækis í fjárfestingarbankastarfsemi sem bætast við grunnkröfu um eiginfjárgrunn (Stoð I).
- lánveitingum til eignarhaldsfélaga sem eru nú flokkaðar sem óbeinar stöðutökur og farið er fram á aukna eiginfjárbindingu vegna þeirra.
- takmörkun á lánveitingum til tengdra aðila.
- auknum kröfum til stjórna fjármálafyrirtækja auk þess sem sjálfstæði áhættustýringa hefur verið styrkt.

Þegar allt er samandregið hefur öll umgjörð varúðareftirlits gerbreyst frá árinu 2008.

Beiting eiginfjárauka hefur verið ríkuleg hér á landi og má sem dæmi nefna Sveiflujöfnunaraukann sem nýverið var hækkaður í 2% þrátt fyrir lægð í efnahagslífi bæði hérlandis og í heiminum öllum og óvissu framundan vegna farsóttar (Covid-19). Eðli sveiflujöfnunaraukans er að skapa svigrúm á tímum efnahagslæggða og því væri eðlilegra við beitingu hans að hækka hann í uppgangi og lækka á tímum efnahagslæggða og óvissu. Er þetta ágætt dæmi um þá tilhneigingu sem verið hefur hér á landi að ganga lengra en tilefni er til og lengra en gengur og gerist í nágrannaríkjum okkar.

3. Tilskipanir um innstæðutryggingar og skilameðferð lánastofnana og verðbréfasjóða

Í þessum samhengi er einnig mikilvægt að draga fram að verndun innstæða í nýju regluverki ESB hvílir nú á tveimur stoðum. Annars vegar nýrri tilskipun um innstæðutryggingar og hins vegar nýrri tilskipun um skilameðferð lánastofnana og verðbréfasjóða. Verkaskiptingin milli þessara tilskipana er að þeirri seinni er ætlað að bregðast við falli kerfislega mikilvægra lánastofnana og verðbréfafyrirtækja en þeirri fyrri ætlað að mæta falli minni fjármálafyrirtækja, þ.e. fyrirtækja sem ekki er talin þörf á að taka til skilameðferðar. Í framkvæmd kann það verða svo, að almennt verði innlánsstofnanir teknar til skilameðferðar

vegna hættu á fjármálaóstöðugleika ef óvissa skapast um aðgang að innstæðum¹. Báðar þessar tilskipanir að hafa verið innleiddar hluta², fyrir Alþingi liggur nú frumvarp þar sem meginhluti þess sem eftir standur af tilskipuninni um skilameðferð yrði í lög leiddur. Með því frumvarpi eru einnig mikilsverðustu ákvæði tilskipunarinnar um innstæðutryggingar sem eftir standa innleidd³. Með innleiðingu tilskipunarinnar um skilameðferð fær skilavalld, nýtt stjórnvald, heimild til þess að færa niður ótryggðar skuldir lánasstofnana (aðrar en tryggð innlán) og verðbréfafyrirtækja til að endurreisa eiginfjárstöðu þeirra þannig að þau uppfylli kröfur laga og reglna. Þetta stjórnþæki, eftirgjöf skulda, verður framvegis, verði frumvarpið að lögum, megin trygging þess að innstæðueigendur hafi aðgang að tryggðum innstæðum. Til að tryggja að nægar óveðtryggðar skuldir séu til staðar fær skilavaldið heimild til að setja hverju fyrirtæki kröfu um lágmark eigin fjár og eftirgefanlegra skuldbindinga. Við þá ákvörðun ber skilavaldinu m.a. að leggja mat á þá áhættu sem fylgir rekstri hvers fyrirtækis fyrir sig. Þar á meðal er væntanlega áhætta fyrirtækja sem eru með hlutabréf í efnahag sínum. Hér er því enn annað dæmi þess að hið nýja regluverk tekur tillit til þeirra sérstöku áhættu sem hlutabréfeign fylgir.

Um efnisatriði frumvarpsins

Í frumvarpsdrögunum er byggt á þeirri aðferðafræði að miða hámarkið við samanlagða eiginfjárbörf vegna þeirrar stöðutöku sem frumvarpið tekur til sem hlutfall af eiginfjárgrunni viðkomandi viðskiptabanka eða sparisjóðs. Viðmið þau sem lögð eru til grundvallar eru þannig þekkt þar sem Fjármálaeftirlit S.Í. styðst við þau í könnunar- og matsferli á eiginfjárbörf banka og sparisjóða (SREP). Engu að síður telja SFF æskilegt að áður en málið verði lagt fram til afgreiðslu liggi drög að reglugerð um framkvæmd frumvarpsins fyrir. Þannig liggi fyrir öll nánari útfærsla áður en frumvarpið verður lagt fram s.s. skilgreining á óbeinum stöðutökum sem 4.mgr. frumvarpsins kveður á um að skuli afmarka nánar í reglum Seðlabanka Íslands. Á grundvelli reglna um framkvæmd verður jafnframt hægt að leggja betra mat á áhrif frumvarpsins á starfandi fjármálafyrirtæki.

Miklar breytingar á fjármálamörkuðum og óvissa í efnahagslífi

Íslensk fjármálafyrirtæki eru virkir þátttakendur í áhættuvörnum hér á landi og leggja mikla áherslu á að hafa þær sem öflugastar í starfsemi fyrirtækjanna. Liður í því er að slíkar varnir séu skilvirkar og þjóni skýrum markmiðum en íþyngi ekki að öþörfu. Þeirri aðferðafræði sem hér hefur verið beitt undanfarin ár er ætlað að halda aftur af fjárfestingabankastarfsemi innan viðskiptabanka m.a. með ríkulegum eiginfjárkröfum. Þannig eru markmið þessa frumvarps byggðar inn í núverandi áhættuvarnir. Megin viðbótin er því aukin reglubyrði og skýrslugjöf vegna eftirlits því núverandi aðferðafræði að baki eiginfjárkröfum dregur nú þegar úr fýslileika þess að að ná þeim hlutföllum sem frumvarpið gerir ráð fyrir.

Miklar breytingar eru að eiga sér stað á fjármálamörkuðum um allan heim með fjölda nýrra fjártæknifyrirtækja og innkomu stórra alþjóðlegra tæknifyrirtækja inn á fjármálamarkaði. Á sama tíma er nú heimsbyggðin að fást við efnahagsleg áhrif farsóttar sem ekki sér enn fyrir endann á. Við slíkar aðstæður þarf að huga að hagkvæmni og samkeppnishæfni íslenskra fjármálafyrirtækja og gæta þess að starfsumhverfi þeirra sé sem líkast starfsumhverfi erlendra fjármálafyrirtækja svo þau geti áfram

¹ Fallandi innlánsstofnanir hér á landi hafa ávallt verið beittar skilaúrræðum ýmist yfirteknar af öðrum innlánsstofnunum eða innlán færð frá þeim til starfandi innlánsstofnana.

² Ákvæði tilskipunar um innstæðutryggingar um hvaða innstæður njóta tryggingar og um iðgjald til innstæðutryggingarsjóðs hafa verið innleidd.

³ Svo sem ákvæði um hámark innstæðutryggingar eins aðila hjá hverri innlánsstofnun, 100 þús. evrur og ákvæði um lágmarksstærð innstæðutryggingasjóðs, 0,8% af tryggðum innstæðum.

verið öflugur bakhjarl íslenskra heimila og fyrirtækja á samkeppnishæfum kjörum. Því leggja samtökin til að þetta frumvarp verði ekki lagt fram nú þar sem það vinnur gegn þeim markmiðum.

Með vinsemd og virðingu,



Katrín Júlíusdóttir,
Framkvæmdastjóri SFF